



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. júlí 2016.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (fæðispeningar sjómanna), 655. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 1. tölulið A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 verði breytt á þann veg að heimilt verði að draga kjarasamningsbundna fæðispeninga sjómanna á fiskiskipum frá tekjum, þannig að þeir teljist ekki til skattskyldra tekna sjómanna.

Sjómannasamband Íslands tekur undir þá breytingu á tekjuskattslögunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og telur það réttlætismál að fæðispeningar sjómanna séu ekki skattlagðir eins og önnur laun.

Í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og SFS (áður LÍÚ) segir „Skipverjar greiði fæði sitt sjálfir“. Sömu ákvæði eru í samningum við FFSÍ og VM og einnig á það sama við um kjarasamninga við Landssamband smábátæigenda. Það á því við á öllum fiskiskipaflotanum að sjómenn greiða fæði sitt sjálfir. Á móti fæðiskostnaðinum greiðir útgerðin fæðispeninga til sjómanna og eru þeir ákveðin upphæð á dag miðað við lögskráningardaga. Er þeim ætlað að koma að hluta á móti fæðiskostnaðinum. Markmiðið var á sínum tíma að fæðispeningar stæðu undir um 90% af fæðiskostnaðinum. Fæðispeningar sjómanna teljast til launa í dag og á þá reiknast skattur eins og á önnur laun sbr. skattalög. Samkvæmt kjarasamningum sjómanna eru þrír flokkar fæðispeninga eftir stærð og útivist skipa.

Flokkar fæðispeninga eru þessir:

1. Skuttogarar, loðnuskip, síldveiðiskip, sem stunda veiðar fjarri heimahöfn, línuskip með beitningarvél, rækjuskip, sem frysta aflann um borð og rækjuskip 100 rúmlestir og stærri, sem ísa aflann um borð og eru á útilegu og gerð eru út utan útgerðarstaðar skipsins. Einnig togbátar 100 rúml. og stærri, sem að jafnaði eru 6 daga eða lengur í veiðiferð.

Fæðispeningar samkvæmt þessum flokki eru frá 1. júní 2016 kr. 1.681 á lögskráningardag.

2. Önnur skip stærri en 100 rúmlestir:

Fæðispeningar samkvæmt þessum flokki eru frá 1. júní 2016 kr. 1.334 á lögskráningardag.

3. Skip að 100 rúmlestum.

Fæðispeningar samkvæmt þessum flokki eru frá 1. júní 2016 kr. 1.012 á lögskráningardag.


Rétt er að benda á að fyrir upptöku staðgreiðslukerfis skatta voru fæðispeningar sjómanna ekki skattlagðir. Þetta breyttist þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Áður en staðgreiðslukerfið var tekið upp höfðu sjómenn bæði sjómanna- og fiskimannafrádrátt sem lækkaði skattstofn sjómanna og eins töldust fæðispeningar sjómanna ekki til tekna sbr. 28. grein þágildandi laga um tekju- og eignarskatt (l. nr. 40/1978). Í 5. tölulið 28. greinar þeirra laga sagði um þær fjárhæðir sem ekki töldust til tekna: „5. Fæði sjómanns er hann fær hjá útgerðarmanni um borð í skipi. Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í íslenskum fiskiskipum.“

Ásæða þess að fæðispeningar töldust til tekna þegar staðgreiðslan var tekin upp var að upphaflega stóð til að samhliða upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda yrði skattstofninn stækkaður og á móti kæmi sérstakur persónuafsláttur sem átti að veða upp stærri skattstofn. Í upphaflega frumvarpinu var því gert ráð fyrir að dagpeningar sem atvinnurekandi greiddi starfsmönnum vegna vinnu í þeirra þágu utan vinnustaðar yrðu skattlagðir eins og aðrar tekjur. Sama átti því við um frítt fæði og fæðispeninga sjómanna. Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi árið 1987 segir um 2. gr. frumvarpsins varðandi niðurfellingu á 5. tölulið 28. greinar þágildandi skattalaga: „Skv. 2. másl. 5. tölul. 28. gr. teljast þær greiðslur ekki til tekna sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í fiskiskipi. Ákvæði þetta á ekki lengur við vegna þess að breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi þessara greiðslna samkvæmt kjarasamningum sjómanna. **Auk þessa er undanþága af þessu tagi andstæð þeim sjónarmiðum sem búa að einföldun skattkerfisins í kjölfar staðgreiðslu.**“ (feitt. mín.)

Sú breyting sem getið er um í greinargerðinni varðandi kjarasamning sjómanna er að um mitt ár 1986 var sjóðakerfi sjávarútvegsins aflagt. Við þá breytingu var áhafnadeild Aflatryggingasjóðs lögð niður, en greiðsla fæðispeninga til sjómanna færðist við það til útgerðanna sjálfra. Þessi breyting hafði því engin áhrif á fæðiskostnað sjómanna eða skattfríðindi fæðispeninga sjómanna skv. þágildandi skattalögum. Einföldunin sem vísað er til er sú að afnema átti allar undanþágur frá skatti og þar með talið skattfríðindi dagpeninga sem atvinnurekandi greiddi starfsfólki sínu.

Í meðförum Alþingis var hins vegar hætt við að skattleggja dagpeningana, sbr. nágildandi skattalög, eins og upphaflega stóð til en skattfrelsi fæðispeninga sjómanna var hins vegar afnumið. Nú er einnig búið að afnema sjómannaafsláttinn og þykir því fulltrúum sjómanna réttlæti í því að fæðispeningar til að standa undir hluta af fæðiskostnaði sjómanna verði aftur skattfrír eins og gildi fyrir upptöku staðgreiðslu skatta árið 1988. Er það í samræmi við skattfría dagpeninga samkvæmt nágildandi skattalögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson